

5. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2011

Um aukið samstarf skólastiga, skólastofnana, æskulýðsfélaga og íþrótt- og tómsundafélaga.

5. aðalfundur FG beinir því til stjórnar FG að félagið styðji við faglegt samstarf milli skólastiga, skólastofnana æskulýðsfélaga, íþrótt- og tómsundafélaga og stuðli þannig að þróun heildræns menntasamfélags.

Að stjórn FG og skólamálanefnd FG setji fram stefnu varðandi aukið samstarf milli skólastiga, -stofnana, íþrótt- og tómsundafélaga og auki fræðslu til skólastjórnenda og kennara og umræðu um tækifærin sem þar liggja.

Í auknu samstarfi felst t.d. meiri samfella í skólastarfi, aukið aðgengi barna og foreldra að listfræðslu og íþrótt- og tómsundaiðkun. Það eykur jafnrétti barna til fjölbreytts náms og leiðir til fjölskylduvænna menntasamfélags.

Styðja þarf sérstaklega við þá skóla sem þróa slíkt samstarf nú þegar og þá skóla sem hafa vilja til að auka slíkt samstarf.